

# Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur nr.11, haldinn mánudaginn 26.08.2013 kl. 17:00 á Kjóavöllum.

Mætt til fundarins voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Hannes Hjartarson, Brynja Viðarsdóttir, Guðmundur Hagalínsson og Ingibjörg G Geirsdóttir. Hermann boðaði forföll.

## 1. **Metamót.**

Metamótsnefnd á fullu við undirbúning mótisins. Gerður hefur verið samstarfssamningur við Stöð 2 um að sýna beint frá mótinu á Stöð2 Sport.

Vellir. Bæta þarf vikri í brautir og afmarka með köðlum.

Grillmeistarinn verður með veitingar í tjaldi sem félagið leigir. Hann sér starfsönnum mótisins fyrir mat félaginu að kostnaðarlausu.

## 2. **Þökur á áhorfendabrekku.**

Samið var við Torfutækni ehf um að leggja þökur á áhorfendabrekku í vesturhlið skeifu, alls um 10.000 m<sup>2</sup>. Verki lokið, kostnaður um 5 milljónir kr.

## 3. **Fjárhagsstaða.**

Félagið samdi við Arionbanka um heimild til yfirdráttar á viðskiptareikningi vegna byggingar reiðhalla. Staða á viðskiptareikningi neikvæð um 18 milljónir kr.

Greiðslur til Jáverks nema nú um 230 milljónum kr. af 400 milljóna kr. samningsupphæð.

## 4. **Rekstrar- og byggingarfélag.**

Deloitte hefur kannað hagkvæmni þess að stofna rekstrarfélag og byggingarfélag vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af byggingarkostnaði reiðhalla. Deloitte mun fljótlega skila Spretti greinargerð um málið.

Stofnað yrði rekstrarfélag ehf. (dótturfyrirtæki Sprettis) sem fjármagnaði bygginguna með framlögum frá Spretti og lánaði byggingarfélagi ehf. (dótturfyrirtæki rekstrarfélagsins) fjármagnið til byggingarinnar. Leigusamningur yrði síðan gerður milli rekstrarfélags og byggingarfélags um rekstur reiðhallaarinnar.

Leita þarf samþykkis Bæjarráðs Kópavogs til að fara þessa leið. SS Samþykkt að halda málinu áfram.

## 5. **Reiðskóli.**

Reiðskóla Víkingahesta er lokið. Starfsemin gekk vel í sumar og góð aðsókn. Áhugi hjá aðilum að halda áfram samstarfi næsta sumar.

Beitarsvæði reiðskólans. Færa þarf hross milli svæða til að koma í veg fyrir ofbeit, stækka þarf girðingu og loka á svæðið sem beitt var í sumar.

## 6. **Stefna frá Sveini Ívarssyni.**

Jóhannes Karl Sveinsson hrl. rekur málið fyrir Sprett.

## 7. **Klæðning á reiðhöll.**

Galli hefur komið í ljós á klæðningu reiðhalla. Hugmynd er um að klæða hliðar með báru. Framleiðandi og byggingarverktaki vinna að lausn málsins.

## 8. **LOGO Sprettis.**

Logo félagsins enn í vinnslu. Brýn þörf á að fá að prentað á fána fyrir Metamót. GH

Fleira ekki fært til bókar, fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Guðmundur Hagalínsson